

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 277/2008 um aðgerðir til að tryggja flugöryggi og skrá yfir flugrekendur er ekki uppfylla viðeigandi öryggiskröfur.

1. gr.

Við 3. tl. 4. gr. reglugerðarinnar bætast tveir nýir stafliðir, x og y, sem orðast svo:

- x. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1014 frá 25. júní 2015, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 279/2015 frá 30. október 2015.
- y. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2322 frá 10. desember 2015, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2016 frá 30. apríl 2016.

2. gr.

Viðaukar A og B við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1014 frá 25. júní 2015, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem bannað er að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 í fylgiskjali IV við reglugerðina, falla niður.

3. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir:

- a. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1014 frá 25. júní 2015 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem bannað er að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1, um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, sbr. ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 279/2015 frá 30. október 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5, 28. janúar 2016, bls. 355-387.
- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2322 frá 10. desember 2015 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem bannað er að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1, um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, sbr. ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 96/2016 frá 30. apríl 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23, 12. maí 2016, bls. 1707-1736.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 5. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 12. maí 2016.

F. h. r.

Sigurbergur Björnsson.

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir.